

## Ráðstöfun mjólkur og innflutningur

### ÞRÓUN SÖLU MJÓLKURVARA Á LIÐNUM ÁRUM


Heildarsala mjólkurvara í kg og lítrum dróst saman um 2,7% milli árunna 2010 og 2011, í magni er samdrátturinn um 1.594 tonn. Samdráttinn má að mestu rekja til minni sölu á óunninni mjólk til Mjólkú ehf og minnkandi sölu Nýmjólkur og Léttmjólkur. Frá 2010 til 2011 minnkaði sala óunninnar mjólkur um 891 þús. lítra en sala Nýmjólkur og Léttmjólkur um 1.001 þús. lítra. Sala osta, rjóma og viðbits jókst milli ára, osta um 134 tonn, viðbits um 6 tonn og rjóma um 81.422 lítra. Sala skyr og skyrdrykkja minnkaði um 28 tonn, en sala dufts minnkaði um 32 tonn milli ára.

Tafla 3. Sala mjólkurvara í lítrum og kg á liðnum árum.

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr og kg					Breyting til 2011	
	1995	2000	2009	2010	2011	frá 2000	frá 2010
Mjólk og sýrðar vörur	49.173.814	46.846.306	48.460.627	46.019.573	44.255.045	-5,5%	-3,8%
Rjómi og sýrður rjómi	1.948.610	2.040.739	2.325.416	2.333.831	2.415.253	18,3%	3,5%
Skyr og skyrdrykkir	1.387.218	1.875.837	3.223.418	3.023.405	2.995.308	59,7%	-0,9%
Viðbit	1.656.215	1.518.387	1.900.482	1.857.719	1.863.958	22,8%	0,3%
Ostar	3.466.138	3.937.832	4.988.189	5.245.193	5.379.408	36,6%	2,6%
Duft	566.017	627.966	711.929	702.761	679.741	8,2%	-3,3%
<b>SAMTALS ALLS</b>	<b>58.198.012</b>	<b>56.847.067</b>	<b>61.610.061</b>	<b>59.182.482</b>	<b>57.588.713</b>	<b>1,3%</b>	<b>-2,7%</b>

### SALA UMREIKNUÐ Í LÍTRA MJÓLKUR MIÐAÐ VIÐ FITU OG PRÓTEIN


Umreiknað á fitu var sala á ferskvörum 41,2% af heildarsölu mjólkurvara árið 2011, hlutfallið er 1% lægra en árið 2010. Heildarhlutur birgðavaranna viðbits, osta og dufts í umreiknaðri sölu miðað við fitu var 58,8%.



Mynd 3. Hlutfallsleg skipting á sölu mjólkur milli vöruflokka miðað við fitu árið 2011.

Hlutur ferskvara umreiknað á próteingrunn var um 49,2% og lækkaði um 1% af heildinni milli ára. Hlutur birgðavaranna var 50,8% árið 2011 í umreiknaðri sölu miðað við prótein. Tilfærslan milli ferskvara og birgðavara skýrist af minni sölu mjólkur til frekari vinnslu, minnkandi sölu neyslumjólkur og aukinni ostasölu.

## Sala umreiknuð í lítra mjólk m.v. prótein 2011



Mynd 4. Hlutfallsleg skipting á sölu mjólkur milli vöruflokka miðað við prótein árið 2011.

### HEILDARSALA UMREIKNUÐ Á FITU OG PRÓTEIN

Sala árið 2011 umreiknuð á fitu var 111,5 milljónir lítra. Aukning milli ára er 0,8 milljónir lítra. Sala umreiknuð á prótein árið 2011 var 113,7 milljón lítra og samdráttur milli ára var 1,0 milljón lítra milli ára. Sala á fitugrunni árið 2011 var 2,2 milljónum lítra undir sölu á próteingrunni og minnkaði munurinn um 1,8 milljónir lítra á árinu. Haldi sama þróun áfram verður sala á fitugrunni meiri en sala á próteingrunni árið 2013.

Tafla 4. Sala almanaksáranna 1994 til 2011 umreiknuð í lítra mjólk miðað við fitu og prótein.

Ár	Sala umreiknuð í lítra mjólkur		Mismunur a) - b)
	a) m.v. fitu	b) m.v. prótein	
1994	100.371.827	100.676.081	-304.254
1995	99.672.749	100.589.877	-917.128
1996	99.235.580	101.502.943	-2.267.363
1997	98.132.786	102.679.047	-4.546.261
1998	99.653.460	102.949.213	-3.295.753
1999	98.859.848	103.535.918	-4.676.070
2000	97.973.767	105.980.738	-8.006.971
2001	98.225.242	107.972.717	-9.747.475
2002	96.754.124	106.209.452	-9.455.328
2003	96.755.539	107.391.804	-10.636.265
2004	98.649.788	109.538.183	-10.888.395
2005	100.768.328	112.315.513	-11.547.185
2006	103.870.701	113.207.615	-9.336.914
2007	108.695.040	114.880.974	-6.185.088
2008	112.296.910	117.119.187	-4.822.277
2009	115.578.564	117.667.979	-2.089.415
2010	110.657.216	114.696.290	-4.039.074
2011	111.489.161	113.692.483	-2.203.322
<b>Breyting frá 2010</b>	<b>0,75%</b>	<b>-0,88%</b>	<b>-45,45%</b>

## SALA DRYKKJARMJÓLKUR

Heildarsala á Drykkjarmjólk (Nýmjólk, léttmjólk, undanrenna og fjörmjólk) var 30,8 milljónir lítra árið 2011 og minnkaði um 878 þúsund lítra frá árinu 2010. Sala á drykkjarmjólk minnkaði um 901 þús. lítra frá 2009 til 2010. Að meðaltali minnkaði sala drykkjarmjólkur um tæpa 500 þús. lítra árin 2001-2009, en samdráttinn hefur aukist síðustu tvö ár. Sala drykkjarmjólkur hefur minnkað um 5,3 milljónir lítra (15%) síðustu 10 ár.

Tafla 5. Þróun sölu drykkjarmjólkur 1995 til 2010.

Vörutegundir	1995	2000	2009	2010	2011	Breyting frá 1995	Breyting frá 2010
Drykkjarmjólk, lítrar	39.742.732	36.475.849	32.635.474	31.734.388	30.856.332	-20,1%	-2,8%
SAMTALS m.v. fitu	27.309.015	22.541.960	19.425.246	18.782.886	18.184.309	-31,2%	-3,2%
SAMTALS m.v. prótein	41.334.135	38.435.063	33.310.591	32.850.555	32.046.046	-20,5%	-1,4%

## INNFLUTNINGUR

Innflutningur mjólkurvara jókst um 10,5 tonn milli árana 2010 og 2011. Aukningin var mest í ferskum mjólkurvörum (jógúrt) en duftinnflutningur jókst um 3 tonn og ostainnflutningur minnkaði um 3 tonn.

Innflutningur mjólkurafurða fór minnkandi árin 2008-2010 en er nú virðist sem þróunin sé að snúa við aftur. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði reikna árlega áætlun um hvað innflutningur mjólkurvara svarar til mikillar mjólkur. Á próteingrunni reiknaðist innflutningur árið 2011 um 1,5 milljónir lítra sem er óbreytt magn frá árinu 2011. Árið 2011 voru einnig flutt inn 112 tonn af jurtaþeytu í rjómalíki, 110 tonn af gervíosti og 289 tonn af sojasafa. Innflutningur þessara eftirlíkinga af mjólkurvörum er nær óbreyttur frá árinu 2010.

Tafla 6. Innflutningur mjólkurvara á árunum 1995 til 2011, tonn.

Vöruflokkur	1995	2000	2009	2010	2011	Breyting frá 1995	Breyting frá 2010
Ferskvörur	10	394	62	46	56	464,3 %	22,5 %
Ostur	42	162	151	144	141	236,4 %	-1,7 %
Duft	0	0	3	6	9	100,0 %	42,1 %
<b>SAMTALS</b>	<b>52</b>	<b>556</b>	<b>216</b>	<b>196</b>	<b>208</b>	<b>297,5 %</b>	<b>5,4 %</b>

Heimild: Hagstofa Íslands

## ÚTFLUTNINGUR


Flutt voru út um 523 tonn af smjöri og 625 tonn af undanrennuþeytu árið 2011. Útflutningur á skyri jókst um 150% milli ára og var 380 tonn árið 2011. Í fyrsta skipti í mörg ár var fluttur út Gouda 26% ostur, 130 tonn.

Tafla 7. Útflutningur mjólkurvara á árunum 1995 til 2011, tonn.

Vöruflokkur	1995	2000	2009	2010	2011	Breyting frá 1995	Breyting frá 2010
Ferskvörur	0	14	126	155	387	100,0%	149,7%
Viðbit	89	236	530	530	523	487,6%	-1,3%
Ostur	0	0	4	3	133	100,0%	4333,3%
Duft	0	106	550	625	625	100,0%	0,0%
<b>SAMTALS</b>	<b>89</b>	<b>356</b>	<b>1.267</b>	<b>1.313</b>	<b>1.668</b>	<b>1.774,26%</b>	<b>27,0%</b>

## BIRGÐIR VIÐBITS, OSTA OG DUFTS

Ostabirgðir í landinu minnkuðu um 109 tonn árið 2011, birgðir í árslok voru 1.338 tonn en voru 1.447 tonn í ársbyrjun. Viðbitsbirgðir jukust um 35 tonn árið 2011 og voru í árslok 214 tonn. Birgðir dufts jukust um 212 tonn árið 2011 og voru 579 tonn í árslok.



Mynd 5. Þróun birgðastöðu á viðbiti, ostum og dufti á árunum 2000 til 2011.

## BIRGÐIR OG UMREIKNUÐ RÁÐSTÖFUN MIÐAÐ VIÐ FITU

Birgðaaukning árið 2011 var 7,4% miðað við fitu, eða um 1,1 milljónir lítra. Útflutningur nam um 11,9 milljón- um lítra umreiknað á fitu og jókst um 0,8 milljónir lítra frá fyrra ári.

Tafla 8. Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur árin 1999 til 2011 umreiknað í lítra af mjólk miðað við fitu.

Ár	Umreiknað í lítra mjólk m.v. fitu					
	Birgðir í upphafi	Innvegin mjólk	Seldar afurðir	Útflutningur	Birgðir í lok	Mismunur
1999	20.682.844	107.195.929	98.859.848	13.002.787	16.299.806	-283.668
2000	16.299.806	104.024.730	97.973.767	5.055.905	15.803.496	1.491.368
2001	16.028.978	106.149.593	98.225.242	12.183.156	12.354.160	-583.987
2002	12.313.930	110.761.076	96.754.124	13.111.278	13.899.793	-690.189
2003	13.899.793	108.384.120	96.755.539	14.098.246	11.010.804	419.324
2004	11.024.924	112.029.504	98.649.788	9.745.922	15.131.342	-472.624
2005	15.131.342	109.445.194	100.768.328	13.255.110	11.394.989	-841.891
2006	11.394.989	117.062.454	103.870.701	11.642.829	12.855.569	88.343
2007	12.855.569	124.816.835	108.696.926	14.378.779	15.761.108	-1.163.409
2008	15.761.108	126.051.629	112.296.910	17.807.831	12.529.694	-821.698
2009	12.529.694	125.569.461	115.578.564	12.717.748	13.231.296	-3.428.453
2010	12.766.209	123.178.275	110.657.216	11.111.916	14.255.427	-80.075
2011	14.255.427	124.462.110	111.489.161	11.879.927	15.317.232	31.217
<b>Breyting frá 2010</b>	<b>11,67%</b>	<b>1,64%</b>	<b>0,75%</b>	<b>6,31%</b>	<b>7,45%</b>	<b>-138,98%</b>

## BIRGÐIR OG UMREIKNUÐ RÁÐSTÖFUN MIÐAÐ VIÐ PRÓTEIN

Birgðir umreiknaðar í lítra mjólkur miðað við prótein jukust um 1,1 milljónir lítra árið 2011 eða um 5,5%. Útflutningur var um 10,7 milljónir lítra á próteingrunni og jókst um 2,0 milljónir lítra milli ára.

Tafla 9. Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur árin 1999 til 2011 umreiknað í lítra af mjólk miðað við prótein.

Ár	Umreiknað í lítra mjólk m.v. prótein					
	Birgðir í upphafi	Innvegin mjólk	Seldar afurðir	Útflutningur	Birgðir í lok	Mismunur
1999	17.017.965	107.195.929	103.535.918	2.237.402	19.443.434	-1.002.860
2000	19.443.434	104.024.730	105.980.738	1.659.352	16.823.012	-994.938
2001	16.516.890	106.149.593	107.972.717	851.856	14.503.100	-661.190
2002	14.290.404	110.761.076	106.209.452	900.156	19.083.316	-1.141.444
2003	19.083.316	108.384.120	107.391.804	2.435.346	18.400.040	-759.754
2004	18.199.134	112.029.504	109.538.183	2.989.756	17.881.102	-180.403
2005	17.903.737	109.445.194	112.315.513	1.620.802	12.864.203	548.413
2006	12.864.203	117.062.454	113.207.614	1.064.256	15.500.993	153.794
2007	15.500.993	124.816.835	114.880.974	3.888.984	22.036.295	-488.424
2008	22.036.295	126.051.629	117.119.187	11.752.216	19.119.369	97.152
2009	19.119.369	125.569.461	117.667.979	7.798.665	19.817.498	-595.312
2010	19.793.402	123.178.275	114.696.290	8.635.410	20.656.645	-1.016.668
2011	20.656.645	124.462.110	113.692.483	10.665.406	21.794.533	-1.033.667
<b>Breyting frá 2010</b>	<b>4,36%</b>	<b>1,04%</b>	<b>-0,88%</b>	<b>23,51%</b>	<b>5,51%</b>	<b>1,67%</b>